

## 12. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Hægt er að skipuleggja hluta diplomanámsins (5-10e) í samvinnu við erlendan háskóla og/eða heilbrigðisstofnun.

## 13. gr.

*Prófskírteini - diploma.*

Er nemandi hefur staðist námskröfur sem tilgreindar eru í námskrá fyrir diplomanám (m.a. staðist próf að lokinni sérhæfðri starfsþjálfun, sé kveðið á um það) telst hann hafa lokið diplomanámi á sérsviði. Veitt er sérstakt prófskírteini, diploma, þessu til staðfestingar.

## 14. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 21. febrúar 2003.*

**Páll Skúlason.**

*Halldór Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árunum 2002 og 2003.

## 1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árunum 2002 og 2003 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 941/2000, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2001.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. mars 2003.*

**Páll Pétursson.**

*Gylfi Kristinsson.*